

Verðlisti 2023

Ráðstefnur
og fundir

Verðlisti og aðrar gagnlegar upplýsingar*

Salir	Leikhús	Kennsla	Veisla	Kabarett	Móttaka	Fundir	m ²	Heill dagur	Hálfur dagur
Eldborg	1500	—	—	—	—	—	1.008	1.780.000	1.425.000
Silfurberg	840	528	540	400	1.100	—	735	845.000	680.000
– A	300	240	220	176	400	—	357	515.000	410.000
– B	325	252	240	192	400	—	357	515.000	410.000
Norðurljós	540	426	300	240	650	—	540	655.000	525.000
Kaldalón	195	195	—	—	—	—	198	295.000	238.000
Björtuloft	110	50	130	60	200	—	400	218.000	175.000
Háaloft	70	60	48	36	100	—	200	218.000	175.000
Fundarherbergi									
Ríma	130	50	90	72	200	—	144	208.000	166.000
– A	66	50	50	40	90	—	72	140.000	110.000
– B	55	40	40	32	90	—	72	140.000	110.000
Stemma	44	28	18	—	—	16	40	93.000	73.000
Vísa	44	28	18	—	—	16	40	93.000	73.000
Nes fundarherbergi	—	—	—	—	—	8	16	34.000	27.000
Sund fundarherbergi	—	—	—	—	—	8	16	34.000	27.000
Vík fundarherbergi	—	—	—	—	—	6	15	34.000	27.000
Vör fundarherbergi	—	—	—	—	—	6	15	34.000	27.000
Opin rými									
Flói	—	—	500	400	1100	—	1.000	628.500	—
Eyri	—	—	—	—	400	—	365	240.000	—
Norðurbryggja	—	—	140	—	300	—	300	240.000	—
Hörpuhorn	—	—	—	—	600	—	500	240.000	—

*Verðlistinn gildir frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2023.

Afbókun

**Miðað er við þær dagsetningar
þegar viðburðurinn er afbókaður
og þann dag sem viðburðurinn átti
að eiga sér stað**

Meira en 91 dagar	10% af leigunni
61 til 90 dagar	30% af leigunni
31 til 60 dagar	50% af leigunni
30 dagar eða minna	100% af leigunni

Skilmálar og reglur

- Verðlisti gildir eingöngu fyrir ráðstefnur og fundi í Hörpu.
- Verð hér til hliðar eru í ISK m. vsk.
- Heilsdagsleiga er frá kl 8–18.
- Hálf dagsleiga er leiga í allt að 5 tíma á bilinu frá kl. 8–18.
- Greiðsla fyrir sýningarsvæði er verð pr. dag.
- Greiða þarf aukalega fyrir skólastofuuppsetningu.
- Harpa áskilur sér rétt til þess að breyta verðum án fyrirvara, þ.e. ef ytri aðstæður knýja á um verðbreytingar. Sjá nánar í almennum skilmálum Hörpu.
- Eftir kl. 18 bætist við 10% aukagjald við salarleigu.
- Sé óskað eftir breytingum á uppsetningu á sal bætist 40% aukagjald við salarleigu, fyrir hverja breytingu.
- Fyrir uppsetningu og niðurtækt reiknast hálf salarleiga. Gert er ráð fyrir að slík vinna taki að hámarki einn dag, fyrir og eftir viðburð.
- Innifalið í heilsdagssalarleigu er 4 tíma fundarhald með verkefnastjóra.
- Innifalið í hálf dagssalarleigu er 2 tíma fundarhald með verkefnastjóra.
- Innifalið í salarleigu er sýningartjald, skjávarpi, svið, púlt og hljóðnemi í púlti ásamt hljóðkerfi fyrir talað mál.
- Greiða þarf aukalega fyrir allan tæknibúnað umfram það sem innifalið er í salarleigu.
- Greiða þarf fyrir yfirsetu tæknimanns í stærri sölum Hörpu, sem er ávallt einn maður, að lágmarki.

Greiðsluskilmálar

- 25% af samningsfjárhæð greiðist sem staðfestingargjald sem greiðist í síðasta lagi á gjalddaga. Staðfestingargjald gengur upp í leigugjald. Bókun verður ekki staðfest eða bindandi fyrir leigusala fyrr en leigutaki hefur greitt staðfestingargjald.
- 90% af heildarsamningsfjárhæð (að meðtöldri tækni og veitingum) greiðast að fullu 30 dögum fyrir auglýstan viðburð.
- Annar kostnaður verður innheimtur samkvæmt samningi.
- Greiðsluskilmálar: 14 dagar. Eftir það bætast vextir við upphæðina, í samræmi við íslensk lög.

Um Hörpu

Harpa er án efa eitt helsta kennileiti Reykjavíkur, þar sem hún stendur tignarleg við hafnarbakkann. Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík, býður upp á bestu aðstöðu til tónleika- og ráðstefnuhalds í Norður-Evrópu.

Húsið hefur hlotið ótal viðurkenningar og unnið til verðlauna m.a. sem besta viðburðahúsið árið 2011 af Travel&Leisure tímaritinu. Haustið 2012 fékk Harpa MICE verðlaun sem besta ráðstefnuhús í Norður-Evrópu og árið 2016 tilnefndi tímaritið Business Destination Hörpu sem besta ráðstefnuhús Evrópu.

Verið ávallt velkomin.



Elborg


Eldborg er stærsti salur Hörpu þar sem öll hönnun og útfærsla skapar glæsilega umgjörð.

Hörpuhorn, við glerhjúpinn á annarri hæð, er tilvalið rými til að vera með standandi kaffiveitingar eða móttökur tengdar Eldborg.

Búnaður

Svið, púlt, aðstaða fyrir upptökur, stórt sýningartjald og fullkomið ljósa- og hljóðkerfi

stærð	1,008 m ²
fjöldi	1,500 sitjandi gestir
lofthæð	23 metrar



Silfurberg A/B

Silfurberg er sérhannaður sem ráðstefnusalur. Hægt er að skipta salnum í tvennt með fellivegg sem er hljóðeinangraður og rúmar þá hvor salur um sig um 325 gesti í sæti.

Eyri er bjart og opið rými fyrir framan Silfurberg sem hentar vel sem sýningar svæði, fyrir kaffiveitingar í hléum eða fyrir standandi móttökur eftir viðburði.

Búnaður

Túlkaklefar, svið, púlt, stórt sýningartjald og fullkomið ljósa- og hljóðkerfi.

stærð	735 m ²
fjöldi	840 sitjandi gestir
lofthæð	7,7 metrar



Norðurljós

Norðurljós er hin fullkomna umgjörð utan um ýmis konar viðburði. Með sérhönnuðum ljósabúnaði sem hægt er að stilla í ýmsum litbrigðum má búa til þá stemningu sem óskað er eftir í hvert sinn.

Tvennar hljóðeinangraðar dyr tengja Norðurljós og Silfurberg þannig að mögulegt er að samnýta salina með góðum árangri fyrir stærri viðburði.

Búnaður

Svið, púlt, stórt sýningartjald og fullkomið ljósa- og hljóðkerfi.

stærð	540 m ²
fjöldi	540 sitjandi gestir
lofthæð	10 metrar



Kaldalón


Kaldalón hentar sérstaklega vel fyrir minni ráðstefnur, fundi og fyrirlestra. Salurinn er með hallandi sætum og hægt er að sýna mynd-bönd á stóru sýningartjaldi.

Norðurbryggja, fyrir framan Kaldalón, skartar stórkostlegu útsýni yfir smábátahöfnina og hentar afar vel fyrir ýmis konar móttökur og sýningar.

Búnaður

Stórt sýningartjald, púlt, breytileg lýsing í veggjum, föst sæti með innfelldum borðum.

stærð	198 m ²
fjöldi	195 sitjandi gestir
lofthæð	8,5 metrar



Björtuloft

Björtuloft eru glæsileg og óvenjuleg umgjörð fyrir veislur, móttökur, einkasamkvæmi og fundi. Salurinn er á tveimur hæðum með stórbrötnu útsýni yfir borgina.

Á neðri hæð er fastur bar og útgengi á svalir með útsýni yfir höfnina.

Búnaður

Svið, púlt, sýningartjald og skjávarpi,

stærð	400 m ²
fjöldi	130 sitjandi gestir
lofthæð	2,7 metrar



Háaloft

Háaloft er glæsilegur salur á efstu hæð Hörpu. Hann býður upp á stórkostlegt útsýni yfir vesturborgina, höfnina, Faxaflóann og fjallahringinn.

Háaloft má nýta með Björtuloftum samhliða eða sem stækkun.

Búnaður

Svið, púlt, sýningartjald og skjávarpi.

stærð	200 m ²
fjöldi	170 sitjandi gestir
lofthæð	3,5 metrar



Fundarherbergi

Í Hörpu er góð aðstaða fyrir stærri og minni fundi. Öll fundarherbergi eru búin góðum tækjabúnaði, s.s. skjá og hægt að setja upp búnað fyrir fjarfundi í gegnum netið.

Hvort sem um ræðir Vísu, Stemma, Nes, Vík, Vör eða Sund þá finnur þú fundarherbergi sem hentar þér og þínu fyrirtæki í Hörpu.



Opin rými

Í Hörpu er fjöldi opinna rýma sem henta sérlega vel fyrir viðburði, móttökur og veislur.

Flói er á fyrstu hæð og er stærsta opna rýmið, tilvalið fyrir stærri viðburði eða vörukynningar.

Norðurbryggja, einnig á fyrstu hæð, státar af gullfallegu hafnarútsýni og er kjörin fyrir alls kyns móttökur.

Eyri er staðsett fyrir utan Silfurberg, með útsýni yfir Reykjavíkurhöfn og hentar sérstaklega vel fyrir minni sýningar. Hörpuhorn við Eldborg státar af mikilli lofthæð og er einkar vinsæl fyrir móttökur.

Heildarstærð er 2.500 m².



Veislubjónusta

Veislubjónusta Hörpu hefur á að skipa stórum hóp starfsfólks með mikla reynslu af veisluhaldi.

Hafðu samband við veislubjónustu Hörpu og við sérsníðum lausn eftir þínum þörfum.



Græn stefna

Endurnýtanleg orka

- Nánast öll orka sem íslensk heimili og fyrirtæki nota er frá hreinum, endurnýjanlegum jarðhita- eða vatnsorkugjöfum.
- Harpa er tengd við íslenska raforkukerfið, sem hefur eitt hæsta hlutfall nýtanlegs tíma í heiminum.
- Framhlið byggingarinnar er úr gleri sem dregur verulega úr kostnaði við lýsingu.

Endurvinnsla


- Allt sorp í Hörpu er flokkað og allt endurvinnanlegt sorp sent til endurvinnslu.

Einstök vatnsgæði

- Vatnið sem við notum er frá drykkjarvatnslindum í nágrenni Reykjavíkur.
- Þetta vatn er einstakt að gæðum og þarfnast engrar meðhöndlunar áður en því er dreift til neytenda.

Meðferð matvæla og drykkja

- Veislubjónustan okkar skiptir aðeins við birgja sem stunda vistvæna viðskiptahætti og notar aðeins ferskt, íslenskt hráefni.
- Við gefum allar umframbirgðir af matvælum til góðgerðarsamtaka.
- Njóttu þess að drekka íslenskt vatn úr umhverfisvænum málum. Það kostar ekkert.





**Tónlistar- og
ráðstefnuhúsið
í Reykjavík**

Austurbakki 2
101 Reykjavík
Iceland

Ráðstefnusvið
+354 528 5060

Fyrirspurnir tengdar
ráðstefnum og viðburðum
radstefnur@harpa.is

harpa.is

